

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 13. júlí 1994

um breytingu á 13. kafla í I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/118/EBE varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um

(94/466/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um <sup>(1)</sup>, einkum annarri málsgrein 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Miðað við þá reynslu sem hefur fengist af beitingu framangreindra ákvæða ber að breyta skilyrðum fyrir viðskiptum með og innflutningi á veiðiminjagripum. Því ber að umorða 13. kafla I. viðauka við framangreinda tilskipun.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 13. kafla í I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. desember 1994.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.

## VIDAUKI

## „13. KAFLI

## VEIÐIMINJAGRIPIR

- A. Nema annað sé ákveðið samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3626/82(\*), eru viðskipti með og innflutningur á veiðiminjagripum:
- i) af hófdýrum og fuglum sem hafa verið uppstoppaðir að fullu svo að unnt sé að geyma þá við umhverf-  
ishita;
  - ii) af öðrum tegundum en af hófdýrum og fuglum;
- ekki háð neins konar banni eða höftum er varða dýraheilbrigði.
- B. Nema annað sé ákveðið samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3626/82, eru viðskipti með og innflutningur á veiðiminjagripum af hófdýrum og fuglum sem hafa ekki hlotið meðferðina sem kveðið er á um í i-lið þáttar A háð eftirfarandi skilyrðum:
1. Viðskipti:
    - veiðiminjagripir verða annaðhvort að vera af dýrum sem eru upprunnin af svæði þar sem engin höft eru í gildi vegna alvarlegra smitsjúkdóma sem dýr af viðkomandi tegundum eru smitnæm fyrir, eða
    - veiðiminjagripir verða að uppfylla skilyrðin sem eru sett í b- eða c-lið 2. liðar ef þeir eru af dýrum sem eru upprunnin af svæði þar sem höft eru í gildi vegna alvarlegra smitsjúkdóma sem dýr af viðkomandi tegundum eru smitnæm fyrir.
  1. Innflutningur:
    - a) veiðiminjagripir sem eru samsettir úr heilum líffærahlutum og hafa ekki hlotið neins konar með-  
höndlun:
      - skulu vera af dýrum, sem heimilt er samkvæmt reglum bandalagsins að flytja inn til bandalagsins allar tegundir nýs kjöts af, enda hafi það ekki hlotið neina meðhöndlun,
      - þeim skal hafa verið pakkað samstundis, án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu sem hafa getað mengað þá, hverjum um sig í gagnsæjar og lokaðar umbúðir til að koma í veg fyrir frekari óhreinindi,
      - þeim skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð til staðfestingar á að framangreindum skilyrðum hafi verið fullnægt.

Enn fremur skal þess gætt við uppstoppun að öllum úrgangi sem er ekki hluti af minjagripnum sé fargað;
    - b) veiðiminjagripir sem eru alfarið samsettir úr beinum, hornum, klaufum, hjartar- eða hreindýrshorn-  
um eða tönnum:
      - skulu hafa verið lagðir í sjóðandi vatn hæfilega lengi til að tryggja að öll efni önnur en bein, horn, klaufar, hjartar- eða hreindýrshorn eða tennur hafi verið fjarlægð,
      - skulu vera alveg þurrir,
      - skulu hafa verið sótthreinsaðir með efni sem lögbært yfirvald í sendingarlandinu heimilar, einkum með vetnisperoxíði þegar um er að ræða hluta úr beini,
      - þeim skal hafa verið pakkað samstundis, án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu sem haf getað mengað þá, hverjum um sig í gagnsæjar og lokaðar umbúðir til að koma í veg fyrir frekari óhreinindi,
      - þeim skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð til staðfestingar á að framangreindum skilyrðum hafi verið fullnægt;
    - c) veiðiminjagripir sem eru aðeins húðir og skinn:
      - skulu:
        - i) annaðhvort hafa verið þurrkaðir,
        - ii) eða þurrsaltaðir eða blautsaltaðir í minnst 14 daga fyrir burtsendingu,
        - iii) eða varðveittir með meðferð annarri en sýtun og skal sú meðferð ákveðin í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.,
      - þeim skal hafa verið pakkað samstundis, án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu sem haf getað mengað þá, hverjum um sig í gagnsæjar og lokaðar umbúðir til að koma í veg fyrir frekari óhreinindi,
      - þeim skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð til staðfestingar á að framangreindum skilyrðum hafi verið fullnægt.

(\*) Stjótíð. EB nr. L 384, 31. 12. 1982, bls. 1.“